

Ed.

227. Nefndarálit

um frv. til laga um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Brúarlögin frá 1919 hafa markað stórt spor í sögu brúarlagninganna á landinu. Samkv. þeim lögum hefir hver stórbrúin á fætur annari verið reist, og er nú svo komið, að flestar brýr á þjóðvegum, sem þá þóttu kalla mest að, eru nú reistar og auk þeirra fjöldi annara brúa. Nú þykir því hlýða að setja markið hærra en gert var 1919 um brúarlagningar, enda gerir stóraukin vagnanotkun í landinu nauðsynlegt, að allar ár á þjóðvegum í byggð, og jafnvel öðrum vegum, þar sem veruleg umferð er, verði brúaðar.

Í frv. það, sem hér liggur fyrir, eru því teknar brýr á þær ár á þjóðvegum, sem brúarstæði eru ákveðin á, Aftur eru nokkrar ár, sem brúarstæði eru ekki fullrannsókuð á, svo sem í Skaftafellssýslu og víðar, og verður því að bíða síðari tíma að taka slíkar brýr upp í lögin.

Auk brúnna á þjóðvegum er í frv. mælt svo fyrir, að rikið kosti að öllu leyti brýr á nokkur stærstu vatnsföll landsins á öðrum vegum, hvert í sínu héraði, með því að ætla má, að framlög til slíkra stórbrúa séu héruðunum ofvaxin, þar eð þau hafa flest ærinn annan brúarkostnað að bera.

Telur nefndin þetta í alla staði réttmætt, en lætur þess getið, að hún telur líklegt, að ítarleg rannsókn muni leiða í ljós, að rétt kunní að vera að taka fleiri brýr í þennan flokk, A. III.; en þar sem slík rannsókn hefir ekki enn farið fram, flytur nefndin ekki breytingartillögur í þá átt.

Að öllu þessu athuguðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. marz 1931.

Páll Hermannsson,
form.

Jón Jónsson,
fundaskr., frsm.

Björn Kristjánsson.